

Ávarp rektors – kynningarfundur vegna frumkvöðlahraðals HÍ -AWE

Fenjamýri í Grósku, 21. nóvember kl. 16.30

Kæru gestir,

Mig langar að bjóða ykkur hjartanlega velkomin á þennan kynningarfund um frumkvöðlahraðal fyrir konur undir merkjum Academy for Women Entrepreneurs eða AWE sem Háskóli Íslands stendur fyrir nú í fjórða sinn í samstarfi við Sendiráð bandaríkjanna á Íslandi.

Við erum afar stolt af þeim 86 konum hafa tekið þátt í hraðlinum. Þær hafa sýnt mikla seiglu og það hefur verið ævintýri líkast að fylgjast með því hvernig þeim hefur gengið með verkefni sín undanfarin ár. Þátttakendur hafa aflað sér styrkja og hlutafjár og þróað áfram sínar viðskiptahugmyndir eða haslað sér völl á nýjum vettvangi frá því að hraðlinum lauk.

Markmið hraðalsins er að styðja við konur við þróun viðskiptahugmynda þeirra og gera þeim betur kleift að stofna fyrirtæki á grundvelli þeirra. Hraðallinn er einnig ætlaður þeim konum sem þegar hafa stofnað fyrirtæki og vilja styrkja rekstrargrundvöll þess.

Stuðningur er í boði fyrir þátttakendur af hálfu Háskóla Íslands þar sem Fida Abu Libdeh, forstjóri og annar stofnenda GeoSilica, og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, frumkvöðull og stofnandi hjá Fönn ráðgjöf ehf., miðla af reynslu sinni sem mentorar í gegnum námskeiðið.

Þá munu sérfræðingar innan og utan háskólans, m.a. úr hópi félaga FKA og Samtaka kvenna af erlendum uppruna, bæta enn fremur við og stækka þekkingarbrunn námskeiðsins. Við erum samstarfsaðilum okkar í Sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi og FKA sérstaklega þakklát fyrir gott samstarf og stuðning við verkefnið.

Við ætlum á þessum kynningarfundum að fara nánar yfir hvernig frumkvöðlahraðallinn fer fram, hverjir koma að honum og hver ávinningur þátttökunnar er fyrir hverja og eina.

Dagskráin í dag verður með þeim hætti að næst gef ég orðið Erin Concors, almannatengslafulltrúa Sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi, þá munu mentorar hraðalsins og frumkvöðlarnir Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch og Fida Abu Libdeh fara yfir dagskrá hraðalsins og hagnýt mál sem tengjast þátttöku í honum, Dominika Anna Madajczak, fyrrum þátttakandi í AWE hraðlinum 2021, mun svo deila reynslu sinni og loks mun Grace Achieng, stofnandi Gracelandic og þátttakandi í hraðlinum 2022, koma hér fyrir hönd FKA og segja nokkur orð.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á nýsköpun og jafnrétti í öllu starfi sínu og því erum við afar stolt af þessu verkefni og samstarfinu við Sendiráð bandaríkjanna, FKA og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að efla nýsköpun í íslensku efnahagslífi og að sama skapi auka hlut kvenna á þeim vettvangi. Háskóli Íslands vill þar gjarna leggja sitt af mörkum.

Erin Concors, the flour is yours.